

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 2007 í máli nr. S-130/2007:

Ákærvaldið

(Guðjón Magnússon fulltrúi)

gegn

X

(Guðbjarni Eggertsson hdl.)

Mál þetta sem tekið var til dóms 8. maí sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á hendur X, ..., Reykjavík fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu frá 9. apríl 2001 til 18. febrúar 2003 dregið sér 1.137.376 kr. í starfi sem gjaldkeri húsfélagsins að ..., Reykjavík, með 70 fjártökum úr sjóði félagsins.

Fjárhæðir skiptast þannig á ár:

2001	66.000 kr.
2002	1.009.150 kr.
2003	62.226 kr.

Telur ákærvaldið þessa háttsemi varað við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og krefst þess að ákærða verði dæmd til refsingar.

Í málinu er þess krafist af hálfu Búseta hsf., að ákærða verði dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1.137.376 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 19. febrúar 2003 en síðan dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hún þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af henni. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna að mati dómsins.

Málsatvik.

Með bréfi Gunnars Jónatanssonar f.h. Búseta hsf., frá 12. júní 2003 var lögð fram kæra á hendur ákærðu fyrir fjárdrátt að fjárhæð 1.201.226 krónur. Málavextir voru sagðir þeir að gerður hafi verið búsetusamningur við ákærðu 17. janúar 1997 um íbúð 302 við Berjaríma 3. Hún hafi verið gjaldkeri í búsetufélaginu árið 2001 og gegnt því starfi fram til þess að hún flutti úr húsinu 28. nóvember 2002. Hún hafi reyndar ekki skilað bókhaldsgögnum fyrr en í febrúar 2003 og haft prókúru á reikninga félagsins til þess tíma. Við skoðun á gögnum félagsins hafi vaknað grunsemdir um að ekki væri allt með felldu í bókhaldi félagsins og komið hafi í ljós margvíslegar færslur úr hraðbönkum sem ekki hafi tengst rekstri búsetufélagsins. Helstu rök fyrir grunsemdum voru tilgreind þau, að á tímabilinu frá 9. apríl 2001 til 19. nóvember sama ár, hafi verið útgefnar ávísanir og framseldar af ákærðu auk þess sem hún hafi notað debetkort húsfélagsins í hraðbönkum sem ekki tengdust rekstri húsfélagsins. Samtals upphæð var sögð vera 246.000 krónur fyrir það ár. Þá var tilgreint að á tímabilinu frá 16. janúar 2002 til 2. desember sama ár væru samtals útgreiðslur að upphæð 1.253.530 sem ekki tengdust rekstri búsetufélagsins og á tímabilinu frá 20. janúar 2003 til 5. febrúar sama ár, væru útborganir að fjárhæð 62.226 krónur, sem ekki tengdust rekstri búsetufélagsins. Fyrir lægi óformlegt samþykki fyrir þóknun hennar fyrir gjaldkerastörf fyrir árin 2001 og 2002 að fjárhæð 360.000 krónur. Mismunur milli þeirrar fjárhæðar og þeirrar er ákærða hefði tekið til eigin nota væri 1.201.226 krónur.

Í málinu liggja frammi yfirlit um hreyfingar úr heimilisbanka vegna debetkortareiknings nr. 0324-26-002699 frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2002 annars vegar og hins vegar frá 1. janúar 2003 til 10. apríl 2003. Einnig liggur frammi yfirlit um hreyfingar úr heimilisbanka vegna fyrirtækjareiknings nr. 0324-26-005606 frá 1. janúar 2003 til 10. apríl 2003. Í margar úttektir á yfirlitum þessum hefur verið strikað með áherslupennum. Þessar yfirstrikuðu fjárhæðir eru teknar saman í tveimur heildaryfirlitum lögreglu um ætlaðan fjárdrátt ákærðu. Var niðurstaða lögreglu að ætlaður fjárdráttur ákærðu, þegar tekið hafði verið tillit til skýringa hennar á nokkrum úttektanna, næmi samtals 1.137.376 krónum.

Í gögnum málsins er að finna skýrslu Gylfa Dýrmundssonar lögreglumanns frá 13. september 2006, þar sem fram kemur að skýringar hafi fundist á tveimur tilvikum sem í kæru voru sögð óútskýrð. Engin haldbær gögn sé að finna hvað önnur tilvik varði, enda séu flest þeirra úttektir úr hraðbönkum og þeirra einungis getið í reikningsyfirlitum. Í nokkrum tilvikum hafi þó verið að finna greiðslu- og viðskiptakvittanir, auk þess sem ljósrit af tékka hafi fylgt kæru, en gögn þessi skýrðu hvorki né upplýstu notkun þess fjár sem um ræddi. Ljósrit þessara greiðslu- og viðskiptakvittana eru meðal gagna málsins, en bókhald félagsins liggur ekki frammi í dómnum.

Þá kemur fram í gögnum málsins að bú ákærðu hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu Búsetufélagsins Berjaríma 1-7.

Ákærða var fyrst boðuð til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna málsins 26. maí 2005. Hún óskaði þá eftir að sér yrði skipaður verjandi og vildi ekki tjá sig fyrir. Var henni skipaður verjandi, Guðbjarni Eggertsson hdl. Ákærða var næst yfirheyrð hjá lögreglu tæpu ári síðar, 3. mars 2006. Var henni kynnt kára Gunnars Jónatanssonar f.h. Búseta hsf. Neitaði ákærða sök og kvað kærana ekki eiga við rök að styðjast. Var hún spurð um hvort einhver annar en hún hefði haft prókúru á reikningana 324-26-2699 og 324-26-5606 og kvað hún Sigrúnu Sigtryggisdóttur, formann húsfélagsins hafa haft prókúru á reikningana frá árinu 2000 eða 2001 og hafi hún haft debetkort til notkunar á reikning nr. 2699 en reikningur nr. 5606 hafi veið annars eðlis, þannig að ekki hafi verið hægt að nota debetkort til úttektar af honum. Hún kvað að sér hefði verið sagt að æskilegt væri að útgjöld í þágu húsfélagsins væru pappírslaus og leitast ætti við að fá þá til starfa við framkvæmdir sem væru reiðubúnir að gera það án þess að gefa út reikning, til þess að reyna að fá þjónustuna sem ódýrasta. Er borin voru undir ákærðu þau 69 tilvik sem henni voru sýnd um ætlaðan fjárdrátt af reikningi 2699 og eitt tilvik á reikning 5606, kvaðst hún ekki geta geta svarað því hvað stæði á bak við hverja færslu. Hún kvað ekkert óeðlilegt við þessar færslur og að allar úttektirnar hefðu verið í þágu húsfélagsins.

Verður nú rakinn framburður ákærðu og vitna fyrir dómi.

Ákærða var spurð um það hvaða skýringu hún hefði á því að færslur þær úr bókhaldi sem ákært er fyrir, væru án fylgiskjala. Kvað ákærða að öll vinna sem unnin hefði verið fyrir húsfélagið, t.d. snjómokstur, garðvinna, málun á bílastæðum, rafmagnsvinna, hefði verið greidd „svart“, þ.e. án þess að reikningur kæmi á móti. Ákærða kvaðst hafa setið í stjórn húsfélagsins frá 1996 og sem gjaldkeri frá árinu 1997 eða 1998. Ákærða kvað það hafa verið ákvörðun stjórnar að fá sem ódýrasta vinnuaflíð til að vinna í þágu húsfélagsins. Ákærða kvað Gunnar Pál Ívarsson, föður sinn, hafa í fyrstu unnið ársskýrslu fyrir húsfélagið. Hún kvað að þær færslur sem ekki hefði verið reikningur fyrir, hafa verið útskýrðar þannig á aðalfundi, að um væri að ræða rekstur á húsfélaginu. Hún kvað „ytri viðhaldssjóð“ hafa verið notaðan til að standa straum af kostnaði við viðgerðir utan húss, t.d. vegna skemmda á klæðningu, þaki og þess háttar stærri framkvæmda. Ákærða kvaðst ekki geta gefið neinar skýringar á úttektum, nema þær að þessar úttektir hafi verið til að greiða reikninga vegna reksturs félagsins. Ákærða kvaðst hafa verið 21 árs gömul þegar hún var kosin í stjórn húsfélagsins. Hún kvaðst enga reynslu hafa haft af gjaldkerastörfum og setu í húsfélagi. Hún kvaðst sjálf hafa leitað eftir því að fá menn til þess að vinna í þágu félagsins, og einnig hafi formaður húsfélagsins gert það. Þá hafi íbúar húsfélagsins séð um hluta af vinnunni. Tveir íbúanna hafi t.d. unnið við rennuhreinsun í þágu húsfélagsins. Einnig hafi verið fengnir menn til að sjá um garðvinnu, snjómokstur og nýr rafmagnsbúnaður hafi verið settur í bílageymslu. Fyrir alla þessa vinnu hafi verið greitt með ávísunum eða peningum,

en ekki gefinn út reikningur af hálfu þeirra sem inntu þjónustu af hendi. Ákærða kvað að greitt hefði verið af rekstrareikningi 2699 fyrir almennt viðhald á sameigninni, einnig hefði annað slagið verið tekið út af reikningi nr. 5606. Ákærða kvað skýringu á því að úttektir stæðu á sléttum tölum vera þá að þegar greidd væri „svört“ vinna, þá væri iðnaðarmönnum ekki greitt í krónum og aurum. Hún kvað húsfélagið hafa haft á sínum snærum þrjá rafvirkja sem hefðu fengið greitt með þessum hætti.

Vitnið, Gísli Örn Bjarnhéðinsson kom fyrir dóm, en ekki er ástæða til að rekja framburð hans hér.

Vitnið, Guðstaf Arnarsson, kvaðst hafa starfað í þágu húsfélagsins árið 2000, við að setja upp nýtt rafmagnskerfi og að setja rafmagnstengla í geymslur íbúa húsfélagsins. Vitnið kvaðst hafa unnið þessa vinnu án þess að hann gæfi út reikning og hefði hann fengið greitt fyrir með ávísun. Hann kvaðst tvisvar hafa fengið greitt á þennan hátt frá húsfélaginu.

Vitnið, Gunnar Már Kristófersson, kvaðst hafa verið vinur föður ákærðu. Hann kvað ákærðu hafa leitað til sín og beðið sig að hjálpa henni að fara yfir bókhald búsetufélagsins. Komið hafi í ljós að eitthvað hafi verið um útborganir af ávísanareikningi sem ekki reyndist unnt að gera grein fyrir. Sér hefði sýnst að um hafi verið að ræða greiðslur út af reikningi án þess að gefnar væru út kvittanir eða nótur á móti útborgunum, vegna vinnu eða þjónustu. Í fyrstu hafi ákærða ekki kannast við nema fáar af þessum útborgunum. Hún hafi gefið þá skýringu á þeim að annað hvort væri um að ræða úttekt vegna þóknunar hennar fyrir vinnu í þágu félagsins, eða úttektir vegna vinnu og þjónustu utanaðkomandi aðila fyrir húsfélagið, án þess að reikningur hafi komið fyrir á móti. Hann hafi farið með ákærðu til Búseta til að reyna að fá botn í þetta mál, en Búseti hafi ekki haft neinn skilning á þessu máli. Vitnið kvaðst hafa séð bókhaldsgögn fyrri ára og rætt við menn hjá Búseta um það hvort ekki væri ástæða til að rannsaka bókhald félagsins aftur í tímann, en þeir hafi ekki talið ástæðu til þess.

Vitnið, Anna María Emilsdóttir, kvaðst hafa verið starfandi við húsfélagið um það leyti sem ákærða tók við gjaldkerastarfi. Vitnið var spurt um það hvort tíðkast hefði að vinna eða þjónusta í þágu húsfélagsins væri unnin „svart“, þ.e. án þess að gefinn væri út reikningur eða kvittun fyrir. Vitnið kvað að eflaust hefði það einhvern tíma komið fyrir, en kvaðst ekki muna það vel. Hún kvað að endurskoðandi hefði verið fenginn til að gera ársreikning fyrir félagið. Hún kvað að tíðkast hefði að gjaldkera og formanni húsfélags væri greitt fyrir vinnu í þágu félagsins. Þóknun hefði verið greidd mánaðarlega og kvað vitnið að hana minnti að þóknun hefði verið um fimm eða tíu þúsund krónur á mánuði. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því hvort þessi þóknun var gefin upp til skatts, en þóknunin hefði verið skráð sem laun í bókhald félagsins. Vitnið kvaðst halda að fylgiskjöl vegna þóknunar hefðu verið útbúin til

framlagningar í bókhald. Vitnið kvað einungis einn bankareikning hafa verið notaðan í hennar tíð þegar greiða átti reikninga vegna húsfélagsins.

Vitnið, Sigrún Sigtryggsdóttir, kvaðst hafa verið formaður húsfélagsins Berjarima frá febrúar 2000 til nóvember 2002. Hún kvaðst hafa tekið við formennsku af Grétari Baldurssyni. Hún kvað samstarfið við gjaldkera, þ.e. ákærðu, hafa gengið að mörgu leyti ágætlega. Að vísu hefði erfiðlega gengið að fá ársuppgjör síðustu árin. Hún hefði boðist til að aðstoða ákærðu við að klára bókhaldið, en ákærða hefði alltaf sagt að uppgjörið væri á leiðinni. Fyrsta árið sem ákærða hefði starfað sem gjaldkeri hefði hún skilað ársuppgjör sem var í fullkomnu lagi. Vitnið kvaðst muna eftir tveimur tilvikum þar sem húsfélagið keypti vinnu eða þjónustu af aðilum sem ekki gerðu reikning á móti. Í öðru tilvikinu hefði verið fenginn rafvirki til að skipta um mótör í bílskúrshurð og í hinu tilvikinu hafi verið um að ræða garðyrkjumann, sem fenginn var til vinnu sumarið 2001. Vitnið kvaðst hafa talið að gjaldkeri ætti að útbúa fylgiskjöl á móti greiðslum, en það hefði ekki verið sérstaklega rætt á fundum. Vitnið kvað að mjög illa hefði verið mætt á aðalfundi og húsfundi félagsins. Vitnið kvaðst hafa fengið þóknun fyrir störf sín í þágu félagsins, í lok hvers árs. Henni hefði verið sagt að útbúin yrðu skjöl í bókhaldinu fyrir þessari þóknun. Vitnið kvaðst aldrei hafa skoðað í bókhaldi hvernig þessi þóknun var færð í bókhaldi.

Vitnið kvað að húsfélagið hefði haft tvo bankareikninga til ráðstöfunar, annars vegar almennan rekstursreikning og hins vegar svokallaðan viðhaldsreikning. Af rekstursreikningnum hefði verið tekið út vegna garðvinnu, t.d. vegna úðunar, sláttar á garði, snjómoksturs, vinnu við stigagang, t.d. vegna nýrra teppa, hita og rafmagns og því sem til féll daglega. Af hinum reikningnum, viðhaldsreikningnum, hefði verið tekið út vegna sameiginlegra viðgerða og þess háttar og hefði það allt verið gert í samráði við Búseta. Vitnið kvaðst hafa haft úttektarheimild af rekstursreikningnum. Hún kvaðst hafa haft debetkort á reikninginn, en hún hefði hent lykilorðinu. Allar úttektir af debetkortinu hafi því verið úr verslunum, þar sem nóta kemur á móti. Vitnið var spurt um hvort hún myndi eftir því að rafmagnstenglum hefði verið komið fyrir í geymslum og kvaðst hún muna eftir því, en kvaðst ekki muna hvernig greitt hefði verið fyrir þá vinnu. Þá kvaðst hún muna eftir því að skipt hafi verið um perur í ljósastaurum á sameigninni, en kvaðst ekki muna hvernig greitt hefði verið fyrir það. Þá kvaðst hún muna eftir að Ólafur, íbúi í húsinu, hafi fengið greitt fyrir að hreinsa rennur á þaki. Hún kvaðst ekki vita hvort hann gerði reikning á móti vinnunnar. Vitnið kvaðst ekki hafa fylgst með færslum í bókhald, en þegar ljóst var að ákærða skilaði ekki bókhaldinu hafi vitnið margboðið að hjálpa henni, en ávallt fengið loðin svör hjá ákærðu.

Vitnið, Grétar Baldursson, kvaðst hafa verið formaður félagsins á sjöunda ár. Hann kvaðst hafa flutt úr húsinu á árinu 2000. Ákærða hafi þá verið orðin gjaldkeri í félaginu. Samstarfið hafi gengið vel við ákærðu. Vitnið kvað aðalfund hafa verið haldinn árlega og þá hafi verið farið yfir reikninga félagsins. Vitnið kvað að í hans stjórnartíð hefði ekki verið keypt vinna í þágu félagsins, sem ekki var gefinn út

reikningur fyrir. Spurður um hvort vitnið myndi eftir rafvirkja, Gústaf, sem unnið hefði fyrir húsfélagið við að setja upp rafmagn í bílageymslu. Vitnið kvað þá vinnu hafa verið samþykkt á húsfundi, en vitnið kvaðst ekki vera klár á því hvernig greitt hefði verið fyrir þá vinnu. Ef vinnan hefði verið greidd án þess að reikningur kæmi á móti, hefði verið útbúin skýring á fylgiskjali í bókhaldi. Þá hafi verið útbúin fylgiskjöl á móti þóknun til gjaldkera og formanns, en gjaldkeri hafi séð um að útbúa fylgiskjölin.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákært fyrir fjárdrátt á árunum 2001-2003. Ákærða hefur neitað sök og borið því við að allar þær úttektir af reikningum húsfélagsins, sem getið er í ákæru hafi verið í þágu húsfélagsins þar sem hún var gjaldkeri.

Í málinu liggur fyrir að þær úttektir af reikningum félagsins sem ákært er fyrir eru allar án fylgiskjala og skýringa. Ákærða hefur borið því við að fyrir vinnu sem innt hafi verið af hendi í þágu húsfélagsins hafi verið greitt án þess að reikningur kæmi á móti. Meðal annars hafi verið um að ræða vinnu rafvirkja, garðvinnu, snjómokstur og pípulagningavinnu.

Vætti vitnisins Gústafs Arnarssonar styður þennan framburð ákærðu, en hann kvaðst hafa fengið greitt fyrir rafvirkjavinnu fyrir húsfélagið á árinu 2000 án þess að gera reikning fyrir vinnunni. Þá styður einnig framburð ákærðu, framburður vitnisins Sigrúnar Sigtryggsdóttur, sem kvaðst muna eftir tveimur tilvikum þar sem greitt hefði verið fyrir vinnu eða þjónustu fyrir húsfélagið, án þess að reikningur kæmi á móti. Þá kvað Sigrún að hún myndi eftir því að einn íbúi hússins hefði verið fenginn til að inna af hendi viðvik fyrir húsfélagið, en kvaðst ekki vita hvernig honum hefði verið greitt. Vitnið Grétar Baldursson bar fyrir dómi að ef vinna hefði verið greidd án þess að reikningur kæmi á móti, hefði verið útbúin skýring á fylgiskjali í bókhaldi.

Í málinu er ákærðu gefið að sök að hafa dregið sér rúma 1 milljón króna með 70 fjártökum úr sjóði félagsins á tímabilinu 9. apríl 2001 til 18. febrúar 2003 og eru fjárhæðirnar sundurgreindar á árin 2001, 2002 og 2003. Eins og að framan er rakið rennir vætti ofangreindra vitna stoðum undir þann framburð ákærðu að fyrir vinnu í þágu félagsins hafi verið greitt án þess að reikningur væri fenginn á móti til framlagningar í bókhaldi. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki ráðið hvort það hafi alltaf verið gert, eins og ákærða heldur fram, en bókhald húsfélagsins fyrir þessi ár hefur ekki verið lagt fram. Þannig verður ekki séð af gögnum málsins hvort einhverjar af þeim úttektum af reikningum félagsins, sem notaðar voru til greiðslu á vinnu eða þjónustu í þágu húsfélagsins, án þess að reikningur væri gerður fyrir þjónustunni, séu hluti þeirrar fjárhæðar sem ákærða er sökuð um að hafa dregið sér. Samkvæmt framangreindu leikur svo mikill vafi á hvort eða að hvaða marki ákærða

hafi dregið sér fé úr sjóðum félagsins, að sýkna ber ákærðu af þeirri háttsemi sem henni er gefin að sök.

Með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er bótakröfu Búseta hsf., að fjárhæð 1.137.376 krónur, vísað frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. sömu laga greiðast úr ríkissjóði málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Guðbjarna Eggertssonar héraðsdómslögmanns, 190.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Guðjón Magnússon fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

D ó m s o r ð:

Ákærða, X, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Bótakröfu Búseta hsf., er vísað frá dómi.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda, ákærðu, Guðbjarna Eggertssonar héraðsdómslögmanns, 190.000 krónur greiðast úr ríkissjóði.

Ingveldur Einarsdóttir.